

## Fundur í langhlaupanefnd FRÍ

Dagsetning: 24.janúar 2023

Staðsetning: Teams

Tímasetning: Fundur hófst kl. 9:00

Fundarmenn: Gísli Vilberg, Íris og Friðleifur sem skrifaði fundargerð.

1. Rætt um HM í utanvegahlaupum sem fer fram í Austurríki í byrjun Júní. Mjög mikill áhugi fyrir verkefninu hjá hlaupurum og margar umsóknir. Tillaga að vali verður tekin fyrir á fundi langhlaupanefndar í byrjun Febrúar. Allir umsækjendur hafa verið látnir vita að umsókn þeirra hefur verið móttækin.
2. Rætt um að fjölga í Langhlaupanefnd bæði meðlimum frá ÍSÍ félögum og svo líka frá FRÍ félögum. Formaður Langhlaupanefndar tekur að sér að setja upp texta sem skrifstofa FRÍ getur notað til að senda á FRÍ aðilarfélög og þannig auglýst eftir áhugasömum einstaklingum. Formaður Langhlaupanefndar ræðir einnig við einstaklinga úr ÍSÍ félögum.

3. Meistaramótum í götuhlaupum 2023 eru:

5km – Víðavangshlaup ÍR

10km – Brúarhlaupið Selfossi

Hálft maraþon – Akureyrarhlaup UFA

Heilt maraþon – Reykjavíkumaraþon

Skrifstofu falið að ræða sem fyrst við viðkomandi hlaupahaldara um mótshald og vottunarferli fyrir hlaupin ásamt öðru sem við kemur framkvæmdinni.

4. Rætt um gjaldskrá fyrir vottuð hlaup hjá FRÍ. Óljóst með hvaða hætti gjaldskrá hefur verið kynnt hlaupahöldurum og óskað eftir því að stjórn og skrifstofa komi sér saman um með hvaða hætti hlaupahöldurum er kynnt gjaldskráin. Þetta er brýnt. Einnig rætt um þjónustugjald vegna vottunar á hlaupum og svo þátttökugjald. Mjög brýnt að hlaupahaldarar fari í gegnum vottunarferlið á skrifstofu FRÍ og greiði fyrir. Þátttökugjaldið tengist afreksskránni.
5. Langhlaupanefnd minnir á minnisblað sem sent var á stjórn FRÍ varðandi hlaup sem uppfylla ekki reglugerð um framkvæmd götuhlaupa. Langhlaupanefnd óskar eftir svari þ.e. hvað gera eigi við þessi hlaup. Minnisblaðið var sent 02.11.2022.
6. Umræða um afrekaskrá stöðu og næstu skref. Gísli Vilberg klár til aðstoðar ef með þarf. Inga Dís tengir hann við Berg.
7. Önnur mál.
  - ⇒ Rætt um að svara fyrirspurn varðandi dómara þ.e. réttindi, með hvaða hætti menn ávinna sér þau. Formaður Langhlaupanefndar fer í það mál.

- ⇒ Óskað eftir því að skrifstofa FRÍ kanni með hvaða hætti systursambönd votti dómara sína í götuhlaupum þ.e hvort að eitthvað námskeið eða námsefni sé í boði sem við getum nýtt okkur í því sambandi.

Fundi slitið kl. 9:40.

Friðleifur ritaði fundargerð.